



Alþingi  
Erindi nr. P / 138 / 2499  
komudagur 25.5.2010

Viðskiptanefnd  
b.t. Selmu Hafliðadóttur  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2010

Vísað er til fyrri samskipta vegna 517. máls Alþingis, frumvarps til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins (FME) á eignum og skyldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Fulltrúar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) voru boðaðir á fund nefndarinnar 19. maí sl. þar sem fáeinum spurningum var beint að sjóðnum vegna frumvarpsins. Er hér um að ræða eftirfarandi spurningar:

1. Rýrir eða takmarkar 3. gr. frumvarpsins forgang TIF?
2. Er nauðsyn að gera almenna lagabreytingu sama efnis og frumvarpið felur í sér, þ.e. sambærilegar reglur sem taki ekki bara til „neyðarlagafyrirtækja“.

Á fundinum var beðið um skrifleg svör frá TIF. Svör TIF fara hér eftir.

Hvað fyrri spurninguna varðar þá er vísað til 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ráðstafanir fjármálafyrirtækis er tengjast afhendingu fjármuna í hið veðsetta eignasafn skuli ekki sæta riftun, sbr. 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Hér er verið að vísa til þess að ef fjármálafyrirtæki, sem eiga undir frumvarpið, veitir veð í eignum sínum „í tengslum við uppgjör“ vegna ráðstöfunar FME á grundvelli neyðarlaganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Eftir hrun bankanna og eftir því sem slitameðferð eldri banka hefur undið fram hefur verið unnið í uppgjörum og greiðslum vegna eignasafna sem færð hafa verið frá eldri bönkum til nýrri. Slíkt uppgjör hefur farið fram m.a. milli Landsbankans, sem er í slitameðferð og NBI. Síðarnefndi bankinn gaf út skuldabréf til eldri bankans vegna eigna sem færðar voru til NBI. Frumvarpið veitir m.a. heimild fyrir NBI að veðsetja eignir sínar í einu lagi, sem er undantekning frá meginreglunni sem lögfest er í 1. mgr. 3. gr. samningsveðlaga nr. 75/1997, um að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi með samningi. Þá hefur frumvarpið í för með sér að auðveldara verður fyrir þá, sem frumvarpið tekur til, að veðsetja eigur sínar þar eð slakað er á kröfum sem settar eru í 46. gr. samningsveðlaganna.

Í 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um að rifta megi m.a. veðrétti sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar. Ákvæðið gæti að gildandi lögum átt við um veðsetningu þeirra nýju banka sem gefið hafa út skuldabréf til eldri banka. Er hér vísað til þeirrar aðstöðu að nýju bankarnir bæti við veð til handa eldri banka eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði. Með því að „taka úr sambandi“ ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er ljóst að nýrri bankar eiga hægar með að veðsetja eignir sínar og minni eignir kunna að vera til fullnustu krafna þeirra sem aftar standa í réttindaröðinni heldur en veðhafar.

Um réttthæð krafna er fjallað í XVII. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Veðkröfur njóta réttthæðar samkvæmt 111. gr. laganna. Á eftir þeim koma svokallaðar forgangskröfur en



kröfur TIF falla þar undir samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sbr. 9. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlögin). Ef veðsetning, sem ella væri riftanleg, er undanþegin 137. gr. gjaldþrotaskiptalaga, takmarkar það möguleika TIF á endurheimtum. Það er því ljóst að ákvæði 3. gr. takmarkar forgang sjóðsins. Slíkt kemur þó aðeins til álita ef bú veðsalans er tekið til gjaldþrotaskipta og það reynir á réttindaröð samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum.

Ekki verður séð að síðari spurningin geti varðað TIF sérstaklega. Öll framangreind sjónarmið sem rakin eru að framan eiga þó við um þá aðstöðu þegar slík fyrirtæki fara í þrot og/eða slitameðferð.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Helgadóttir,  
framkvæmdastjóri